

Skólaaðlögun og samstarf Tröllaborgar og Grunnskólans austan Vatna 2025 – 2026

Skólaaðlögun

Íþróttir

Þegar elstu börn beggja deilda Tröllaborgar eru stödd á Hofsósi fara þau með 1. bekk grunnskólans í íþróttir.

Starfsmaður frá leikskólanum fylgir nemendum í íþróttatíma nema annað sé ákveðið. Íþróttakennari grunnskólans hefur umsjón með kennslunni.

Sögustund

Þegar elstu börn beggja deilda Tröllaborgar eru stödd á Hofsósi fara þau í sögustund með 1.- 2. bekk, mánudag kl. 8.50.

Árshátíð yngsta stigs GaV

Elsta börn leikskólans taka þátt í árshátíð 1.-4. bekkjar í grunnskólanum og verða með söngatriði 22. apríl 2026.

Skólaheimsóknir-aðlögun

Dagur íslenskrar náttúru

Dagur íslenskrar náttúru (í kringum 16. september) verður haldinn á Hofsósi fyrir 5 ára og 1.-2. bekk. Kennarar og deildarstjórar skipuleggja daginn en hann verður útivið.

Bolludagur, sprengidagur, öskudagur

16.-18. febrúar eru elstu börnin í grunnskólanum og borða hádegismat. Á öskudaginn tekur allur skólahópur leikskólans þátt í dagskrá grunnskólans. Á mánudagsmorgninum koma þau inn í söngæfingu fyrir öskudaginn. Sömu lög æfð á Hólum og koma elstu börn leikskólans frá Hólum ef veður og aðstæður leyfa.

Skólaaðlögun

Elsti árgangur leikskólans verður í eina viku með yngsta stigi og tekur þátt í almennu skólastarfi 4.-8. maí 2026 samkvæmt stundarskrá. Fá þau kynningu á helstu námsgreinum grunnskólans s.s. verklegar greinar

(smíðar, textíl, heimilisfræði), listgreinar (tónmennt, myndlist) og bókleg fög.

Þemadagar

Elsti árgangur leikskólans tekur þátt í þemadögum að vori með yngsta stigi grunnskólans.

Sumarhátíð GaV

Elstu börn leikskólans taka þátt með yngsta stigi grunnskólans.

Samstarf

Íþróttir

Elstu börn Tröllaborgar á Hofsósi fara einu sinni í viku með 1. bekk grunnskólans í íþróttir, föstudögum kl. 10:10-11:10 Starfsmaður leikskólans fylgir nemendum nema annað sé ákveðið. Íþróttakennari grunnskólans hefur umsjón með kennslunni.

Sögustund

Einu sinni í viku eru sameiginlegar sögustundir hjá elsta árgangi leikskólans á Hofsósi með 1.- 2. bekk grunnskólans í umsjón umsjónakennara yngsta stigs í grunnskólanum, mánudagsmorgun kl. 8:50.

Heimsókn í leikskólann

1.-2. bekkur fer í heimsókn í leikskólann tvisvar sinnum að hausti (fyrir 16. september sem er dagur íslenskrar náttúru og í kringum hrekkjavöku í lok október) og einu sinni að vori 27. mars. Elstu börn leikskólans á Hólum koma ef veður og aðstæður leyfa þann dag.

Lestrarstundir

Tvisvar í viku koma nemendur af miðstigi inn í leikskólann á Hofsósi og lesa fyrir leikskólabörnin. Deildarstjóri leikskólans á Hofsósi ásamt umsjónakennara skipuleggja lestrarstundirnar. Á Hólum fer elsti árgangur nemenda í lestrarstundir með nemendum á miðstigi þegar þau eru stödd á Hofsósi í samstarfi við grunnskólann (miðvikudaga og föstudaga).

Leikskólalaval

Nemendur á unglingastigi (8.-10. bekk) geta valið að fara yfir á leikskólann í valgrein vikulega og eru í 80 mínútur.

Litlu Jólin

Leik- og grunnskólinn á Hofsósi halda sameiginlegt Jólaball í Höfðaborg 19. desember 2025.

General prufa

Eldri nemendur leikskólans er boðið að koma sem áhorfendur á generalprufur hjá yngsta- og miðstigi skv. skóladagatali. Elstu börn leikskólans á Hólum koma ef veður og aðstæður leyfa þann dag.

Danssýning

Í lok danskennslu er haldin danssýning þar sem nemendur leik- og grunnskóla sýna dansa fyrir foreldra og aðra gesti í Höfðaborg. Danssýningin verður á síðasta degi dansviku á vorönn föstudaginn 23. janúar 2025. Lítil sýning verður í leikskólanum á Hólum á miðvikudeginum. Foreldrar leikskólabarna sjá um að fara með börnin sín á danssýninguna.

Útskrift og skólaslit

Útskrift elsta árgangs leikskólans fer fram á skólaslitum grunnskólans á Hofsósi þann 29. maí 2026 Umsjónarkennari yngstu nemenda grunnskólans tekur formlega við nýjum nemendum og býður þá velkomna.

Skila- og samráðsfundir

Í lögum um leikskóla nr. 126/2011 16. gr kemur fram að persónulegar upplýsingar sem liggja fyrir í leikskóla um hvert barn og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, eigi að fylgja barninu í grunnskólann. Foreldrum er gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun en leikskólinn afhendir þeim *Skólabrúna* þar sem upplýsingar um barnið er að finna. Í *Skólabrúnni* er að finna upplýsingar um almenn atriði, almennan þroska, félagsþroska, málþroska, líkams- og hreyfiþroska sem og ef einhverjar aðrar upplýsingar þarf að koma á framfæri.

Stefnt er að skilafundi vegna yfirfærslu milli leikskóla og grunnskóla á Hofsós þriðjudaginn 20. ágúst 2026 kl. 9:00-11:00 og í framhaldinu verður samráðsfundur vegna samstarfs leik- og grunnskóla.

Birt með fyrirvara um breytingar.